

## FERÐA- OG SAMGÖNGU NEFND.

Samgöngunefnd LH starfsárið 2008 skipa formenn svæðisbundnu reiðveganefundanna ásamt formanni og varaformanni og er skipunin eftirfarandi:

Nöfn:	Tölvupóstföng:	Símar:
Halldór H. Halldórsson formaður	<a href="mailto:bilamalunh@simnet.is">bilamalunh@simnet.is</a>	892 8678
Vilhjálmur Ólafsson varaformaður	<a href="mailto:vilhjalm@lsh.is">vilhjalm@lsh.is</a>	824 5424
Jóhannes V. Oddsson Suðvestur svæði	<a href="mailto:vandill@simnet.is">vandill@simnet.is</a>	893 4144
Birgir Leó Ólafsson Suðursvæði 1.	<a href="mailto:birgir@vex.is">birgir@vex.is</a>	899 8180
Margrét Eggertsdóttir Suðursvæði 2.	<a href="mailto:kaldolfur@simnet.is">kaldolfur@simnet.is</a>	487 6571
Ásberg Jónsson Norðvestursvæði 1.	<a href="mailto:asberg@hraunholt.is">asberg@hraunholt.is</a>	897 7113
Magnús Ólafsson Norðvestursvæði 2.	<a href="mailto:mao@centrum.is">mao@centrum.is</a>	898 5695
Örn Viðar Birgisson Norðaustursvæði 1.	<a href="mailto:orn@mjollfrigg.is">orn@mjollfrigg.is</a>	462 6308
Bergur Már Hallgrímsson Norðaustursvæði 2.	<a href="mailto:bmh@vst.is">bmh@vst.is</a>	847 5588

Samgöngunefnd LH hélt tvo formlega fundi á starfsárinu um skiptingu reiðvegafjár, fyrri fundurinn var þann 14. mars, en formenn reiðveganefundna höfðu verið beðnir að skila umsóknum og fjögurra ára áætlunum í síðasta lagi þann 7. mars. Önnur samskipti nefndarinnar voru með rafrænum hætti og símasambandi.

### Fundargerð Samgöngunefndar frá 14.03.2008

1.

Skýrsla Samgöngunefndar 2007.

Halldór kynnir og fer yfir skýrslu Samgöngunefndar.

2. Eignarnám vegna reiðvega.

Örn lýsti þeim erfiðleikum sem eru á því að taka land eignarnámi undir reiðgötur. Lög eru óljós og allir aðilar vísa hver á annan. Hver er t.d. veghaldari? Sá sem tekur land eignarnámi er sjálfkrafa orðinn veghaldari. Hestamenn í Eyjaafirði ætla að ráða sér lögmann.

Fundurinn ályktar að mælast til við L.H. að L.H. fái lögfræðing til að fara yfir eignarnám og síðan veghald.

3. Framkvæmdir 2007

Halldór byrjar á að fara yfir framkvæmdir og kostnað hjá einstökum félögum. Misjafnt er hversu skýr aðsend gögn eru. Staða um peningastöðu er miðuð við áramót.

Sum verk eru í fullum gangi og útlit fyrir að sumar upphæðir séu fullnýttar. Hver og einn fulltrúi á viðkomandi svæði skýrir framkvæmdir og ónotað fé. Bergur bendir á að ráðlegt sé að fækka félögum t. d. á Austurlandi. Nokkur félög eru fámenn og nær allir félagsmenn eru jafnframt félagsmenn í stærstu félögunum. Halldór vekur athygli á að hjá sumum bæjarfélögum t.d. Bláskógarbyggð sé ekki skráðir reiðvegir á skipulögum. Erindum er vísað frá ef ekki finnast skráðir reiðvegir á viðkomandi svæði.

4. Girðingar.

Girðingarmál á Löngufjörum voru rædd og ætlar Ásberg að fylgja því máli eftir.

Fundamenn eru sammála um að fara beri varlega í fjárframlögum úr reiðvegaskjóðum í girðingar sem í sumum tilvikum eiga jafnvel eftir að torvelda umferð hestamanna.

5 Ýmislegt.

Halldór segir frá erindi Ragnheiðar á Kúludalsá og fer í framhaldi yfir öryggismál samkvæmt gildandi lögum um reiðvegi.

Víða um land skapast vandamál þar sem vegir eru malbikaðir. Samkomulag stenst sums staðar og virðist vera túlkunaratriði hvers umdæmisstjóra Vegagerðarinnar. Samræmdar reglur þurfa að koma frá ráðuneyti samgangna.

Gerð reiðvega eru ræddar og kemur fram að í framtíðinni fer breidd þeirra, næst stærstu hverfunum, í 6 metra.

Bergur segir frá áhugaverðu framlagi Skógræktarinnar til reiðleiða á Austurlandi. Þar ætlar Skógræktin að borga reiðleiðir í skógræktarlöndum. Vandamálið er frekar að tengja þessi svæði saman.

Fundi lýkur k.l. 16.30, næsti fundur verður eftir c.a 4 vikur

Mættir voru: Bergur Már Hallgrímsson NA svæði 2, Ásberg Jónsson NV svæði 1, Örn Viðar Birgisson NA svæði 1, Jóhannes Oddsson SV svæði, Magnús Ólafsson NV svæði 2, Birgir Leó Ólafsson Suðursvæði 1 og Halldór H. Halldórsson formaður Ferða- og samgöngunefndar.

Fundarritari er Jóhannes Oddsson.

Annar úthlutunar fundur var svo haldinn föstudaginn 11. apríl, allir nefndarmenn voru mættir til fundarinnis, ljóst var að 62. millj. kr. voru ætlaðar til reiðvega í ár samkvæmt samgönguáætlun. Eftir fund formanns nefndarinnar með aðstoðarvegamálastjóra, þá var nefndinni heimilt samkvæmt samkomulagi formanns og aðstoðarvegamálastjóra að úthluta 50 millj. kr. eða 80,6% af heildarfjárhæðinni. Við eftirgrenslan hjá Fjárreiðudeildinni kom í ljós að hestamannafélögin áttu ónotað reiðvegafé u.þ.b. 50 millj. kr. hjá Vegagerðinni um s.l. áramót, það er með öllu óásættanlegt. Hafa ber þó í huga að fjármununum hafði verið ráðstafað til reiðvega í flestum tilvikum, en ekki hafði tekist að ljúka verkum eða að reikningar voru ógreiddir við áramót.

Þegar stöðugt er verið að knýja á um aukið fjármagn í þennan málaflokk þá gengur það ekki að hestamannafélögin nýti ekki það fjármagn til reiðvega sem þau fá úthlutað. **Breyttar áherslur við úthlutanir hafa verið boðaðar ef breyting verður ekki til batnaðar hjá hestamannafélögunum.**

#### **Fundargerð Samgöngunefndar frá 11.04.2008**

Mættir:

Halldór H. Halldórsson formaður, Vilhjálmur Ólafsson varaformaður, Jóhannes V. Oddsson SV svæði, Birgir Leó Ólafsson Suðursvæði 1, Margrét Eggertsdóttir Suðursvæði 2, Ásberg Jónsson NV svæði 1, Magnús Ólafsson NV svæði 2, Örn Viðar Birgisson NA svæði 1, og Bergur Már Hallgrímsson NA svæði 2.

1. HHH, setur fund og býður Sæmund Eiríksson tæknifræðing velkomin til fundar, en SE er að skrá alla reiðvegi og reiðleiðir í Exel skrá og á kortagrunn fyrir LH. SE sýndi og kynnti þá vinnu sem búin er, góður rómur var gerður að vinnu Sæmundar og menn spenntir fyrir framhaldinu. Að lokinni kynningu yfirgefur SE fundinn.
2. Fundargerð síðasta fundar, frá 14. mars sl. rædd.
3. Fjárheimildir og leiðrétt uppgjör síðasta árs lagt fram með skýringum, ( HHH ).
4. Skýringar lagðar fram vegna fjárveitinga Vegagerðarinnar til reiðvega í Fáskrúðsfirði 1. millj. kr. og í Haukadál um Laugafell 2. millj. kr. Einnig viðhaldssjóður 5. millj. kr. vegna reiðvega meðfram akvegum, ( HHH ).
5. Úthlutun reiðvegafjár fyrir árið 2008, alls bærust umsóknir til LH að upphæð 290. millj. kr. Til úthlutunar af vegaáætlun Samgönguáætlunar eru 50. millj. kr.

Tillaga formanns Samgöngunefndar til skiptingar er eftirfarandi;  
NA svæði 2. **4,2** millj.kr. NA svæði 1. **7,6** millj.kr. NV svæði 2. **7,6** millj. kr.  
NV svæði 1. **6,0** millj. kr. Suður svæði 2. **4.** millj. kr. Suður svæði 1. **9,0** millj. kr.  
SV svæði **11,6** millj. kr. samtals **50.** millj. kr.  
Flestir fundarmanna kváðust geta þegið meira fjármagn inn á sín svæði, en sættust á tillögu formanns og tillagan samþykkt samhljóða.

### **Önnur mál.**

Tillaga að skiptingu á NA svæði 2. þar sem sameiginleg reiðveganefnd er í lamasessi, Freyfaxi 3,2 millj.kr. Blær 1,0 millj.kr. samþykkt. BMH heitir að ná reiðveganefndinni á NA svæði 2. saman. HHH upplýsti að mál vegna reiðvegjar við Kúludalsá væru komin í farveg. ÁJ upplýsti að fljótlega yrði rætt við eigendur Melkots við Löngufjörur vegna girðinga og áningahólfs.

ÖVB ræddi reiðleiðina inn Eyjafjörð og fjármögnun reiðvegjar í Kræklingahlíð, hét á Samgönguráðherra að nefna reiðveg eftir honum ef hann legði þeim lið í baráttunni.

MÓ kvað ástandið vera yrkisefni, að fundi loknum kom þessi vísa frá Magnúsi.

Örn er vaskur, eflist nú  
áhrif hefur víða.  
Möllers stíg frá Blöndals brú  
bráðum mun hann ríða.

Fundi slitið kl. 14:45  
Fundarritun; Vilhjálmur Ólafsson.

### **Reiðvegaskrá / Kortasjá.**

Á 55. landsþingi Landssambands hestamannafélaga höldnu í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 var samþykkt að fela stjórn LH að leita leiða til að ráða starfsmann til tímabundinna verkefna. Starfsmaðurinn skal vera reiðveganefndum til aðstoðar við áætlanagerð, skráningar og hnitsetningar reiðleiða.

Í greinargerð með ályktuninni frá Ferða- og samgöngunefnd þingsins segir:

Ráðist hefur verið í metnaðarfullar áætlanir um skráningar og hnitsetningar reiðleiða um land allt, og samningar þar um verið gerðir við Vegagerðina og Landmælingar Íslands.

Til að þessar áætlannir geti gengið eftir er ljóst að launaður starfsmaður þyrfti að koma að verkefninu a.m.k. tímabundið. Þá var litið til starfsmanns í hálf starf til eins árs eða fullt starf í hálf ári.

Starfssvið er m.a.:

Gerð skráningarforms í Excel töflureikni til áætlunargerðar fyrir úthlutun, og til eftirlits með ráðstöfun, reiðvegafjár sem úthlutað er af Vegagerðinni og LH.

Skráning reiðleiða, þ.e. reiðvegaskrá, langtímaáætlun í reiðvegagerð og 4. ára áætlanir í reiðvegagerð.

Leggja línur fyrir reiðveganefndir landssvæða og aðstoða eftir þörfum við skráningu reiðvega, áætlanagerð og skýrsluskil við þegar unnar reiðvegaframkvæmdir.

Vinna með Vegagerðinni að númerakerfi reiðvega.

Aðstoða hestamannafélögin við skipulagsmál gagnvart viðkomandi skipulagsyfyrvöldum.

Fylgja eftir áætlunum um hnitsetningar reiðleiða.

Það var því í framhaldi af ofangreindri ályktun LH þings að undirritaður, ásamt stjórn LH, fóru að huga að því hvernig þessum málum væri best borgið. Ekki var ljóst á þessu stigi hvert umfangið yrði.

LH hefur ekki úr miklum fjármunum að spila og því var leitað hófanna hjá Pokasjóði og hjá Vegagerðinni, nokkurt fjármagn fékkst hjá þessum aðilum og var framhaldi leitað eftir starfsmanni til verksins.

Fyrir valinu varð Sæmundur Eiríksson tæknifræðingur, formaður reiðveganeftndar hestamannafélagsins Harðar, mikill áhugamaður um hestaferðir og allt sem að þeim lítur.

Áður hafði verið reynt að hefja samstarf við fyrirtæki sem hét E ferðir um rafræna skráningu reiðleiða á netið, en það gekk ekki eftir.

Árið 2004 var undirritaði LH samkomulag við Landmælingar Íslands og Vegagerðina um skráningu og hnitsetningu reiðleiða, rætt var við hestaferðamenn sem voru búnir GPS tækjum og þeir beðnir um að afhenda gögn sem þeir áttu í förum sínum og afhenda LMÍ. Sumar af þeim leiðum voru nothæfar í kortgrunninn hjá LMÍ aðrar ekki. LH fjárfesti einnig í 3-4 GPS tækjum fékk menn til að skrá þær leiðir sem þeir fóru. Í stuttu máli þá varð almenn óánægja með samstarfið við LMÍ, einkum vegna þess að ekki var hægt að afrita leiðir af kortagrunninum inn á GPS tæki. Samstarfi við LMÍ var sjálfkrafa slitið við breytt lagaumhverfi sem LMÍ var gert að starfa eftir.

Einnig voru gefnar út af LH Áfangabækurnar á sínum tíma sem náðu yfir hluta suður- og vesturlands.

### **Reiðvegaskráin.**

Upp úr s.l. áramótum fór vinnan af stað fyrir alvöru. Tilgangurinn var að skrá alla reiðvegi og reiðleiðir sem eru á staðfestu skipulagi viðkomandi sveitarfélaga, sem og gamlar þjóðleiðir. Skráin nýtist mörgum aðilum. Í fyrsta lagi hestamannafélögum og reiðveganeftndum við gerð áætlana um reiðvegagerð og skýrsluhald unnina reiðvegaframkvæmda. Annars vegar nýtist reiðvegaskráin Vegagerðinni og sveitarfélögum við skipulag og vegagerð og síðast en ekki síst getur almenningur nýtt sér hana og áttað sig á legu og staðsetningu reiðvega landsins.

Verið er að vinna að númerakerfi fyrir reiðvegi í samvinnu við Vegagerðina og í reiðvegaskránni kemur fram reiðveganúmer og kaflanúmer, heiti upphafs- og endapunkts, reiðvegagerð, staða, stefna, lengd í km og stutt leiðarlýsing.

### **Kortasjái.**

Samhliða reiðvegaskránni er unnið að því að setja reiðvegi og reiðleiðir inn á Kortasjá Loftmynda. Kortasjái er á heimasíðu Loftmynda, en linkur er á hana frá heimasíðu LH, og er markmiðið með henni að vera kortagrunnur reiðleiða á landinu, sem verður öllum aðgengilegur. Kortasjái mun því, eins og reiðvegaskráin, nýtast sveitarfélögum, Vegagerðinni og hinum almenna hestamanni til upplýsinga, áætlanagerða og við skipulagningu.

Úr Kortasjái má síðan hugsa sér útgáfu reiðleiðakorta og smáríta um einstakar reiðleiðir eða svæði í handhægu formi, með leiðarlýsingu, myndum og helstu hnitum.

Eftir er svo að bæta inn á Kortasjána, frekari leiðalýsingum, hæðalínukorti og möguleika á því að taka leiðirnar beint inn á GPS tæki eða tölvu.

Þess má geta að undirritaður var boðaður til fundar hjá Línuhönnun, ásamt tveim fulltrúum reiðveganeftndar SV svæðis, vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá Hólmsá að Kömbum. Fulltrúar Línuhönnunar óskuðu eftir að fá reiðleiðirnar rafrænt af Kortasjái til að setja inn í kortagrunn hjá sér.

## **Skipulagsmál.**

Í starfslýsingu reiðveganefnda segir m.a.:

Reiðveganefndirnar skulu efla samstarf við stjórnir sveitafélaga, sér í lagi á sviði skipulagsmála og fylgjast vel með í sínu umdæmi er varðar áætlanagerðir fyrir reiðvegi, reiðleiðir og áningarhólf.

Sem fyrr er þó full ástæða að minna menn á að fylgjast grannt með úrvinnslustigum skipulagsmála og á það jafnt við um svæðis- aðal- og deiliskipulög. Þar sem vanefndir á upphaflegum skipulagsáformum eru enn of algengar, sér í lagi þegar um er að ræða reiðvegi. Þá er ástæða til að benda á að slíkar áætlanagerðir eru í sífelldri endurskoðun. Umsóknum um fjármagn til gerðar reiðvega sem ekki eru samþykktir í fyrirliggjandi skipulagi er ávallt hafnað og réttur okkar til afnota af slíkum vegi vafasamur, verði ágreiningur. Þó aukins skilning gæti hjá sveitarfélögum um nauðsyn á varðveislu og uppbyggingu reiðvega í landinu eru enn að koma upp mál þar sem sveitastjórnir hundsreiðvegi og vilja ekkert af þeim vita.

Spurningar hafa því vaknað um hvort LH þurfi að kaupa þjónustu fagaðila til að vakta þessi mál, en gífurlegir hagsmunir geta verið í veði fyrir hestamenn.

## **Öryggismál.**

Í skýrslu Samgöngunefndar frá 2007 kemur fram að fundað hafi verið með starfsmönnum Samgönguráðuneytis í des. 2006, einnig var fundað tvisvar með Samgönguráðherra 2007 m.a. vegna óska hestamanna um bann við akstri vélknúinna ökutækja eftir reiðstígum í Umferðarlögum. Til stóð að leggja fram tillögu að breyttum Umferðarlögum á haustþingi 2007, en það hefur dregist, en verður vonandi gert á komandi haustþingi eða vorþingi 2009.

Við breytingu á Vegalögum sem hafa tekið gildi eru reiðvegir flokkaðir undir liðinn „*Almennir stígar*” ásamt göngu- og hjólastígum. Í núgildandi Umferðarlögum er bannaður akstur vélknúinna ökutækja á göngustígum, nema sem um getur í ákveðnum undantekninga tilvikum. Það myndi fullnægja þörfum hestamanna að breytingin yrði úr göngustígum í almenna stíga.

Undirritaður var sem fulltrúi hestamanna kallaður fyrir nefnd sem vinnur að breytingum á Umferðarlögum þann 16. sept. sl. formaður nefndarinnar er Róbert Spano prófessor í lögum. Undirritaður ítrekaði kröfur hestamanna um breytingar á Umferðarlögum í þá veru sem að ofan greinir. Þá liggja einnig fyrir óskir um fundi með Samgönguráðherra og Samgöngunefnd Alþingis m.a. um aukið fjármagn til reiðvega og kostun hins opinbera á skráningu reiðvega auk annara mála.

Komið var á framfæri athugasemdum við Umhverfisstjórn, Samgönguráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga vegna tillagna mótórhjólamanna um slóðanet um land allt.

## **Úthlutun reiðvegafjár.**

Í fundargerð hér að ofan er er komið inn á úthlutun reiðvegafjár fyrir árið 2008 og fylgir nákvæmari tilhögun hér á eftir.

Halldór H. Halldórsson  
form. Samgöngunefndar